

# FUNDARGERÐ

## 137. stjórnarfundur KRAFT

137. stjórnarfundur KRAFT var haldinn á Zoom 31.janúar 2022, kl.20.15.

Fundarmenn : Gry, Rúnar, Hinrik, Aron Ingi, Þórunn Brynja, Auðunn, Lára og Laufey  
Fundarritari : Laufey

### 1. FUNDARGERÐ

Síðasta fundargerð samþykkt.

### 2. UNDIRBÚNINGUR FYRIR KRAFTLYFTINGAÞING

Yfirferð ársreikninga (Aron + Hinrik)  
Framboð - Uppstillinganefnd (Hinrik, Rúnar og Auðunn)  
Tillögur - Lagabreytingar - Afreksstefna (Gry)  
Fjárhagsáætlun (Aron + Hinrik)  
Ársskýrsla (Gry)  
Kjörbréf seinna fundarboð, 12.febrúar (Lára)  
Heiðursgripir (Lára)

### 3. AFREKSSJÓÐUR

KRAFT hefur borist bréf um úthlutun AFJ fyrir árið 2022. Heildarstyrkur er 19.050.000 kr. en frekari sundurliðun verður upplýst síðar. Aron og Hinrik munu funda með ASJ og undirrita samning f.h. KRAFT. Elnig vinna Aron og Hinrik forvinnu að skiptingu fjármagns.

### 4. LANDSLIÐSVAL 2022

Landsliðsval 2022 er tilbúið. Samþykkt af stjórn. Listinn verður birtur á vefmiðli KRAFT með fyrirvara um staðfestingu landsliðsnefndar. Landsliðsvalið verður endurskoðað um mitt ár (eins og venjulega).

Ákveðið að í stað þess að halda einn stóran fund með landsliðinu að hitta minni hópa hverju sinni tengt stöku verkefnum. Fundir haldnir með góðum fyrirvara. Gefur fólki færi á að hitta „ferðafélaga“ sína og kynnst aðeins áður en kemur að landsliðsverkefninu. Á fundunum munu landsliðið skrifa undir samning, fá fræðslu sem við kemur verkefni og upplýsingar um fagteymi. Lára og Auðunn undirbúa fundi.

## 5. FAGTEYMI

Almenn ánægja er með þjónustu fagteymis. Stjórn samþykkti að athuga hvort meðlimir fagteymis séu til í áframhaldandi samstarf. Lára mun skrifa undir samninga f.h. KRAFT. Í skoðun er að vera með fyrirlestrarröð ca. 4 fyrirlestra frá fagteymi eða öðrum áhugaverðum aðilum.

## 6. DÓMARAPRÓF OG ÆFINGAMÓT

Mótið verður haldið af Stjórnunni. Það eru fjórir dómarakandidatar og góður fjöldi af keppendum. Á næstunni þarf að negla niður starfsmenn mótsins.

## 7. ÍM 2022

Enn vantar mótshaldara fyrir ÍM sem halda á í mars. Laufey mun senda auglýsingu á miðlana. Gry mun heyra í mönnum og mótanefnd tekur upp tólið í framhaldinu,

## 8. LÁGMÖRK

Stjórn ákvað á fundinum að fella niður lágmörk fyrir Íslandsmet (eng. standard).

## 9. ÖNNUR MÁL

- Heimsókn Gaston Parage (forseta IPF) er vel nýtt til að hitta fólk innan íþróttahreyfingarinnar, mæta til aðildarfélaga KRAFT og íþróttamálaráðherra.
- Þarf að uppfæra skjalið þar sem dómara skrá sig á mót. Gry heyrir í Róberti.
- Klára samning við ÍF.
- Vinna að fjölgun fylgjenda á Instagram. Þórunn bætir inn fylgjendum þ.e. bæði samþykkir fylgjendur og bæta við síðum sem KRAFT fylgist með.

## 10. NÆSTI STJÓRNARFUNDUR

Gry sendir fundarboð um næsta stjórnarfund.

## 11. FUNDARLOK

Fundi slitið kl.22.00.